



Niðurstöður hluthafafundar Íslandsbanka hf. 2025

Hluthafafundur Íslandsbanka hf. var haldinn mánudaginn 30. júní 2025, kl. 16:00, í höfuðstöðvum bankans að Hagasmára 3, Kópavogi. Jafnframt var gefinn kostur á rafrænni þátttöku á fundinum.

Eftirfarandi eru niðurstöður fundarins:

1. Tillaga um breytingar á starfskjarastefnu bankans

Samþykktar voru breytingar á starfskjarastefnu bankans í samræmi við tillögur stjórnar. Starfskjarastefnan verður birt á heimasíðu bankans.

2. Önnur mál

Ályktunartillaga frá Vilhjálmi Bjarnasyni, hluthafa, um stjórnarmann Íslandsbanka hf. (vantraust) var felld.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 18:02